

Ályktun um Icesave

Þing Starfsgreinasambands Íslands leggur áherslu á mikilvægi þess að ljúka Icesave málinu hið fyrsta. Ljóst er að endurreisn efnahagslífsins hefur tafist vegna þessa nóturlega máls og litlar líkur á því að kraftur komist í uppbyggingu efnahags- og atvinnulífsins á meðan því er ólokið og mikil hættu er á einangrun landsins.

Því lengur sem Alþingi og ríkisstjórn heykjast á að klára þetta erfiða mál því verri verða hinar efnahagslegu afleiðingar þess fyrir land og þjóð. Það er því skýr krafa þings Starfsgreinasambandsins að þessu deilumáli verði lokið nú þegar.